



Fundargerð 88. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 11. desember 2014 kl 11:00 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, , Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Gunnar S. Gunnarsson, Gylfi Ingvarsson og Sigurður Gunnar Benediktsson

Í gegnum fjarfundabúnað, Andrés Bjarnason og Jón Jóhannsson

Fjarverandi: Sævar Örn Kristjánsson, Þorsteinn Hjálmarsson og Guðmundur Sigurvinsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 87. Fundargerð samþykkt og undirrituð.

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

- Búið er að fara að heimsækja 11 fyrirtæki og spjalla við menn. Urgur er í félagsmönnum og þeir tilbúnir í að taka slaginn.
- Samkeyrsla frá hagstofunni kom í gær og ekki búið að vinna það að neinu viti svo hægt sé að leggja það fram. Sameiginlegar kröfur og forgangsréttarákvæði. Eftir að VM tapaði norðurálmálinu hefur lögfræðingur ASÍ verið að skoða þetta mál og varað við því að hafa þessi forgangsréttarákvæði vegna dóma Mattréttindadómstóls Evrópu.
- Fyrirhugaðir fundir um jól og áramót. Fundur verður á Akureyri 29. des og í Reykjavík 30. des. Síðan verður farið til Reyðarfjarðar 3. jan og Vestmannaeyja 5. jan.
- Fundur með ríkisstjórn, fjárlögin munu valda erfileikum við gerð kjarasamninga, mikil vonbrigði með þennan fund..
- Fundir félaga Iðnaðarmanna. Búið er að halda 2 fundi með Iðnaðarsamfélaginu frá síðasta stjórnarfundum og fyrirhugaðir eru amk 2 fundir, í des og í jan. Við hjá VM erum þeir einu sem eru með mótaðar tillögur, ekki hægt að fá t.d. frá RSÍ og Samiðn hvað þeir ætla að gera.
- Búið er að ganga frá ráðningasamning við nýja bókarann. Hún mun hefja störf 2. jan.
- U.þ.b 40% þátttaka var í kjarakönnuninni þrátt fyrir að möguleiki væri á að vinna utanlandsferða. Niðurstaðan er ekki komin frá þeim sem sáu um framkvæmdina. Búið er að draga í kjarakönnunar happdrættinu.
- Fundur var haldinn í lífeyrisnefndinni og var hann mjög fróðlegur. Bjarni Tryggvason tryggingarstærðfræðingur kom á fundinn. Hann sagði frá því að tryggingastærðfræðingar hefðu nýlega skilað skýrslu um lífeyrissjóðina og þar kemur fram að hækka verður aldurinn en þeir ráðleggja þó að gera það á 30 árum.

Fylgjast þarf náið með hvort lífaldur hækki því þá þarf að breyta formúlunni sem væntanlega verður höfð með virkni í rauntíma. Talað er um að hækka aldurinn fyrst um 6 mán og síðan 1 mánuð á ári. Gylfi sagði að þetta væri einmitt það sem væri allstaðar verið að tala um en atvinnulífið yrði að koma að þessu líka því fólk sem orðið er fimmtugt á oft mjög erfitt með að fá vinnu.

- Formaður talaði um hvort ekki þyrfti að leggja reglugerð vinnudeilusjóðs fyrir aðalfund og vorum menn sammála því.

- 3. Aðalfundur VM, 27. mars 2015.** Finna þarf dagsetningu fyrir aðalfundinn og var stungið upp á 27. mars. Það var samþykkt.
- 4. Mennta og menningarsjóður vélstjóra í Vestmannaeyjum.** Lögð voru fram drög að reglugerð fyrir sjóðinn ásamt yfirlýsingu þar sem VM tekur að sér verkefni sem Vélstjórafélag Vestmannaeyja hefur séð um. Athugasemd var gerð við yfirlýsinguna sem fylgir reglugerðinni. Vantar hvaða verkefni þetta eru sem Vélstjórafélag Vestmannaeyja hefur séð um..
- 5. Fjárhagsáætlun VM fyrir 2015.** Fjárhagsáætlunin var lögð fram til samþykkis en hún hafði áður verið send stjórnarmönnum. Nokkrar spurningar komu um ákveðna liði sem var svaraði og síðan var áætlunin samþykkt.
- 6. Fjárhagsáætlun orlofsjóðs 2015.** Fjárhagsáætlunin var lögð fram til samþykkis en hún hafði áður verið send stjórnarmönnum. Orlofsnefndin er búin að fara yfir hana og samþykkja. Stjórn VM samþykkti áætlunina.
- 7. Verðskrá orlofshúsa.** Orlofsnefnd er búin að funda um verðbreytingar sem taldar eru nauðsynlegar á verðskrá orlofshúsana en verðskráin hefur ekki hækkað í 2 ár. Nefndin leggur til að verðskráin verið hækkuð um 5%. Rætt var síðan um ýmislegt varðandi orlofshúsin eins og hundahald en orlofnefndin ákvað á síðasta fundi að leyfa hundahald til reynslu á efra tjaldsvæðinu á Laugarvatni. Hækkunin á gjaldskránni var síðan samþykkt.
- 8. Styrkur til Tækniskólans og Björgunarsveitarinnar Ingunnar.** Styrkbeiðnir bárust frá þessum aðilum. Tækniskólinn óskar eftir styrk til að endurnýja tækjabúnað í kælitækni sem kostar 5 millj. VM fer ekki í þetta verkefni nema fleiri komi að og skoða á að skoða hvort einhverjir séu tilbúnir til að taka þátt í þessu, eins og t.d fyrirtæki. Björgunarsveitin Ingunn er á Laugarvatni og þarf að fjárfesta í nýjum vatnabjörgunarbúnað. Þeir óska eftir 250 þús. kr. styrk. Ákveðið var að verða við beiðninni.
- 9. Hlutfjárukning í Virðingu.** lagt var fram bréf frá Virðingu þar sem boðið er upp á hlutfjárukningu. Nokkrar umræður urðu en að lokum var ákveðið að auka hlutféð en jafnframt að selja allan hlut VM um leið og fyrirtækið fer á markað.
- 10. Styrkir til hjálparsamtaka.** Eins og undanfarin ár voru lagðar fram tillögu um styrki til hjálparsamtaka fyrir þessi jól. Tillagan var að færa Hjálparstofnun Kirkjunnar 500

þúsund, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur 400 þúsund og Samstarfi Mæðrastyrksnefndar Akureyrar, Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins á Akureyri og Rauða krossins við Eyjafjörð 200 þúsund. Tillagan var samþykkt.

11. Skipan í laganefnd og verkefnastjórn um öryggismál sjf. Lögð var fram tillaga um skipan í laganefnd og var hún samþykkt einnig var starfsmaður VMr samþykktur f.h. VM í verkefnastjórn um öryggismál

12. Lagt fram til upplýsinga:

- I. Upplýsingar um gang mála hjá mönnunarnefnd. Krafa var lögð fyrir nefndina frá VM um það hvað skip þurfa að uppfylla til að fá undanþágu. Ekkert svar hefur hins vegar borist.
- II. Skjöl sem lögð voru fyrir fund með 6 forstjórum í málminum. Á öðru er samanburður á núverandi launakerfi og því sem VM vill ná fram og hins vega aldursdreifing félagsmanna VM. Boltinn er nú hjá forstjórunum. Spurt var hvernig menn væru að taka í það að stytta vinnutímann og halda launum. Það er bara vel tekið í það. Borgin og SFR eru farin á stað með þetta og spennandi að sjá hvernig gengur.
- III. Lögð voru fram yfirlit frá, Íslandsbanka, Arion banka og Virðingu. Yfirlitin sýna ávöxtun á peningum félagsins sem eru í eignastýringu. Eins og staðan er núna er raunávöxtun ekki mikil eða á bilinu rúmlega 1 % til rúmlega 2,5%

Fundi slitið 13:30